

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Skjálfandafljóts.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Skjálfandafljóts.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að vatnakerfi Skjálfandafljóts en þær eru:

Arnarstaðir	Garður I	Kambsstaðir	Sandvík
Arndísarstaðir	Garður II	Kálfborgará	Skriða I
Arnstapi	Geirbjarnarstaðir	Kross I	Skriða II
Árland	Glaumbæjarsel	Kross II	Skriðuland
Árteigur	Granastaðir I	Kviaból	Skriðusel
Ártún	Granastaðir II	Landamótssel	Staðarholt
Barnafell	Halldórsstaðir I	Litlu-Tjarnir	Stóru-Tjarnir
Berg	Halldórsstaðir II	Litluvellir	Stóratunga I
Bergsstaðir	Heiðarbraut	Lundarbrekka I	Stóratunga II
Birkihlíð	Hellnasel	Lundarbrekka II	Stóruvellir I
Birningsstaðir	Hjarðarból	Lundarbrekka III	Stóruvellir II
Bjarnastaðir	Hlíðarendi I	Lundarbrekka IV	Sunnuhvoll
Björg	Hlíðarendi II	Ljósavatn	Svartárvatn
Borgartún	Hlíðskógar	Lyngholt	Syðri-Skál
Bólstaður I	Hnjúkur	Lækjamót I	Úlfsbær
Bólstaður II	Holtakot	Lækjamót II	Vatnsendi
Einarsstaðir	Hóll	Lækjavellir	Vað I
Einbúi	Hólsgærði	Mýri	Vað II
Engihlíð	Hraunkot I	Nípa	Vesturhlíð
Eyjadalsá	Hraunkot II	Ófeigsstaðir I	Víðiker
Fellsendi	Hrappsstaðir	Ófeigsstaðir II	Ystafell I
Fellssel	Hrifla	Rangá	Ystafell II
Fljótsbakki	Húsabakki	Rauða	Ystafell III
Fosshóll	Hvarf	Rauðafell	Ytri-Skál
Fosssel	Ingjaldsstaðir	Sandur I	Þingeyjarland
Fremstafell I	Jarlsstaðir	Sandur II	Þóroddsstaðir I
Fremstafell II	Jarlsstaðir	Sandur III	Þóroddsstaðir II
Garðshorn	Jódísarstaðir	Sandhaugar	Öxará

Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði, með þeim skilyrðum sem samþykkt eru á félagsfundum:

A-deild: Vatnakerfi Skjálfandafljóts neðan fossa við Þingey.

B-deild: Vatnakerfi Skjálfandafljóts ofan fossa við Þingey, að Svartá undanskilinni.

D-deild: Jarðir sem land eiga að Svartá.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna, svo og að auka fiskgengd með ræktun og gerð fiskvega. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Þó tekur félagið ekki til veiði í stöðuvötnum á félagssvæðinu, þó afrennsli hafi til Skjálfandafljóts, nema ábúendur og/eða eigendur viðkomandi jarða óski þess sérstaklega.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir vera stjórnir A- og B-deilda og formaður D-deildar. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, ef ekki hamla sérstök forföll, nema um jafnmörg ár og hann hefur áður starfað. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnir deilda skulu skipaðar þeim þremur mönnum sem kosnir eru á aðalfundi þeirra, til þriggja ára í senn. Gangi þeir úr stjórn á víxl: Einn eftir eitt ár, einn eftir tvö ár og ræður hlutkesti fyrst, einn eftir þrjú ár og síðan eftir starfstíma í stjórninni. Stjórnin skiptir með sér verkum til eins árs í senn. Varamenn skulu kosnir eftir sömu reglum og aðalmenn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga til þriggja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins sem ekki varða deildirnar sérstaklega. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, nema aðalfundur ákveði annað.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag.

Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú

verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund félagsins skal halda mars-apríl ár hvert. Á fundinum skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Félagismaður getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt enda sé umboðið skriflegt, eigi eldra en þriggja mánaða og skal þess getið í fundarbók.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Stjórn félagsins ákveður fjárframlög til sameiginlegrar starfsemi félagsins og annast skiptingu þeirra milli verkþátta. Kostnaður vegna rekstrar aðalfélagsins sé greiddur af deildum í hlutfalli af innkomnum leigutekjum.

Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, bréf og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði í hverri deild skal skipt niður á deildarmenn samkvæmt arðskrá. Deildarmenn greiða gjöld til deildar sinnar í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Sérmál deilda skv. 3. gr. skulu vera:

- a. Ráðstöfun veiðiréttar og umráð veiðiaðferða.
- b. Fjárreiður deilda og önnur mál sem deildir telja æskilegt eða nauðsynlegt að sinna sérstaklega.

Aðild að fiskvegagerð sem og öll önnur meiriháttar fjárframlög deilda vegna sameiginlegrar starfsemi félagsins skulu háð samþykki deildarfunda.

Aðalfundir deilda skulu haldnir í mars-apríl ár hvert. Þeir ákvarða fjárframlög skv. b-lið þessarar greinar og taka afstöðu til fjárframlaga sem kunna að koma til álita skv. 9. gr.

Um stjórnun og starfshætti deilda fer að öðru leyti skv. 5.-8. gr. eftir því sem við á.

13. gr.

Öll veiði, er samþykkt þessi nær til, er óheimil á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi deildarstjórna, sbr. 12. gr. a. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Takmörkun veiðiaðferða og veiðitíma umfram ákvæði laga um lax- og silungsveiði, er á hverju deildarsvæði háð samþykki aðalfundar viðkomandi deildar.

Forkaupsrétt á allt að 25% veiðileyfa, hafa deildarmenn eftir samþykktum aðalfunda deilda og mega þeir ráðstafa leyfi til annarra.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

15. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 20. ágúst 2008.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2008